

Ræða formanns á aðalfundi Einingar-Iðju 2021

Ágætu félagar

Það að halda aðalfund félagsins á netinu hefði verið talið óhugsandi fyrir ári síðan. En nú erum við hér og það er óneitanlega ópersónulegra að hafa ykkur, ágætu félagar, á skjánum heldur en að hafa okkur öll saman í sal.

Það þýðir samt ekkert að væla yfir því, svona er staðan í þessu Covid-ástandi. Veiruskömmin hefur hrjád okkur allt starfsárið og það var alveg nýtt fyrir starfsfólk Einingar-Iðju að vinna bakvið luktur dyr. En tvo til þrjá mánuði á starfsárinu skiptum við okkur þó og unnum annan daginn heima og hinn á skrifstofunni. En nú sér vonandi fyrir endann á þessu fyrirkomulagi og ég vona að við getum brosað og horft til næsta starfsárs með væntingum um að samskipti verði persónulegri.

Við vitum öll að töluverð breyting hefur orðið í þjóðfélaginu. Staða margra félaga okkar, sérstaklega í ferðaþjónustunni, hefur versnað til mikilla muna.

Fjöldi launþega á hótelum og veitingastöðum eru atvinnulausir og enn eru margir á hlutabótaleiðinni og öðrum þeim ráðstöfunum sem stjórnvöld hafa gripið til. Vonandi batnar ástandið að einhverju leyti nú þegar sumarið gengur í garð og búið verður að lina tókin á boðum og bönnum.

Með aðgerðum stjórnvalda, eins og t.d. að hækka atvinnuleysisbætur og ekki síður að lengja tímabil tekjutengdra bóta úr þremur í sex mánuði, hefur skellurinn orðið minni. Þau greiða fyrirtækjum hluta af uppsagnarfresti starfsfólks, og fyrirtæki fá nú ráðningarstyrki til að ráða fólk aftur.

Ég held að sjaldan í sögu félagsins hafi jafn margir verið skráðir atvinnulausir og það er sorgleg staða.

Atvinnuleysistryggingasjóður er næst hæsti greiðandi félagsgjalda árið 2020, það segir alla söguna.

Ég held þó að samfélagið á Eyjafjarðarsvæðinu sé sterkara en margir aðrir landshlutar vegna samsetningar vinnumarkaðarins hér. Matvælaframleiðslan, opinbera þjónustan og byggingaframkvæmdir halda nokkurn veginn óbreyttri starfsemi. Eins og svo oft áður erum við ekki að sveiflast mikið til.

Þó dimm ský séu enn á lofti sýnist mér að sólin sé að ná í gegn og þá líður okkur betur.

Þrátt fyrir Covid hefur verið mikið að gera hjá starfsmönnum félagsins ekki síst við að gera stofnanasamninga við ríkisstofnanirnar sem eru á okkar svæði. Endurskoðun þeirra var eitt af þeim atriðum sem samið var um í síðustu

samningum við ríkið. Ég tel að það hafi tekist nokkuð vel og að okkar fólk sem vinnur hjá þessum stofnunum hafi komið sæmilega út, en heimildin frá ríkinu hefði mátt vera meiri.

Á starfsárinu var unnið að því að koma í framkvæmd vinnutímastyttingu dagvinnufólks hjá ríki og sveitarfélögum sem tók gildi um síðustu áramót. Skipaður starfshópur allra aðila á opinbera markaðnum og hefur hann skipulagt þetta og skorið úr þeim vandamálum er upp hafa komið. Sannast sagna hefur þetta gengið frekar brösuglega en ríkið hefur þó verið mun jákvæðara. Bæði var unnið að því að allir færu niður í 36 tíma vinnuviku og farið væri betur eftir þeim ferlum sem settir voru upp. Mörg sveitarfélögin hafa verið eins og „snúið roð í hund“ og reynt að setja sínar eigin reglur. Reynt hefur verið að fá fólk til að taka aðeins sínar sammingsbundnu 13 mínútur í styttingu á dag þannig að vinnuvikan verði tæpar 39 klukkustundir og menn haldi kaffitímunum óskertum. Einnig að starfsfólk verði að taka styttinguna út vikulega. Í samkomulaginu segir að þetta eigi að vera í samráði við starfsfólk.

Ef menn skoða hvaða dagvinnumenn fóru niður í 36 tíma vinnuviku þá sýnist mér að það séu yfirmenn og skrifstofufólk en ekki hinn almenni starfsmaður á gólfinu. Vinnutímastyttingin hefur þannig ekki gengið eins og vonast var til þegar samið var um hana. Mín skoðun er að þessi stefna og ósveigjanleiki sem sveitarfélögin sýna starfsfólki sínu muni koma beint framan í þau er líður á árið.

Þann 1. maí nk. mun vinnuvikan hjá vaktavinnufólki styttest niður í 36 tíma og með því falla á brott allir reglulegir neyslutímar. Fólk á þó áfram rétt á að fá sér kaffi og mat án þess að eiga fastan tíma til þess á dag. Þessi breyting hefur mikil áhrif á fjöldann allan af okkar félagsfólki hjá ríki og sveitarfélögum. Um 90% vaktavinnumanna hjá þessum aðilum eru í hlutastarfi. Flestir þeirra halda áfram að vinna sama tímafjölda og áður en bæta við sig % sem nemur allt að 10% herra starfshlutfalli. Þó er nokkuð um að fólk sem vinnur einsleitar vaktir fái minna út úr þessu en það hafði áður. Því er mikilvægt að vel sé unnið í vaktaskrá á hverjum vinnustað til að sú staða komi ekki upp.

Þessar breytingar á vinnutíma eru þær mestu frá 1974 en þá fór vinnuvikan úr 44 stundum niður í 40 stundir og hefur verið þannig þar til nú.

Á almenna markaðnum var líka samið um vinnutímastyttingu. Þar voru settar upp tillögur til að sjá hvort áhugi væri fyrir hendi. Ef menn vildu stytta vinnuvikuna þá var byrjað á að selja kaffitímana. Hingað til hefur lítill vilji verið til þess. Mjög fáir staðir eru því komnir með styttinguna almenna markaðnum og verður örugglega ekki víðtæk fyrr en eftir næstu samninga. Þar sem þarf að laga ýmis ákvæði og færa þau til samræmis við opinberamarkaðinn. Það er jú ekki nema rúmt ár í að þeir samningar verði lausir.

Vinnan við almennu samningana og samningar hjá ríki og sveitarfélögum hafa ruglað marga á almennum vinnumarkaði og eru ófá símtölin sem við höfum fengið þar sem félagsmenn halda að það sé verið að hlunnfara þá um styttinguna. Mjög margir atvinnurekendur haft samband við okkur til að kanna hvort þeir séu að brjóta á sínu starfsfólki þar sem þeir hafa ekki gert neitt í vinnutímastyttingarmálum.

En hvernig hefur gengið í málefnum sem ríkistjórnin lofaði úrbótum á.

Vextir hafa lækkað og aldrei verið lægri. Fæðingarorlofið er komið í 12 mánuði. Komið er til móts við þá sem eru að kaupa sínu fyrstu íbúð, og fleira hefur komið til. Þó vantar ýmislegt eins og ný húsaleigulög sem eru fyrst nú að koma inn á þingið. Einnig vantar ný starfskjaralög sem vonandi koma inn og verða samþykkt á vorþingi.

Nú er bara rúmt ár þar til almennir samningar falla úr gildi og eftir næstu áramót hefst undirbúningur félagsins að smíði kröfugerðar. Eins og allir vita, sem vilja vita, þá er félagið ekkert annað en félagsmenn þess og nú reynir verulega á að félagsmenn komi og vinni með okkur, sem erum stjórn félagsins, eins og þeir hafa gert svo myndarlega áður. Fyrir síðustu samninga komu yfir 2000 manns að undirbúningnum. Látum það verða okkur hvatningu og fáum enn fleiri til að koma að þessu. Ég hef raunar engar áhyggjur af þessu, þar sem 65% félagsmanna svöruðu því til í Gallupkönnunni okkar í haust að þeir mundu vilja koma að starfi félagsins.

Á félagssvæðinu eru mörg fyrirtæki og erum við með 140 trúnaðarmenn. Aðstæður eru auðvitað mismunandi, sem kalla á meiri vinnu hjá sumum en öðrum, en trúnaðarmennirnir skila frábæru starfi.

Styrkur félagsins liggur í þessari staðreynd og góðum tengslum milli stjórnar og félagsmanna sem reyndar hefur verið öðruvísi á þessu starfsári, en við breytum því eftir Covid.

Ánægjulegt er hvað margir leita til okkar til að fá upplýsingar og ráðgjöf ekki síst ungt fólk og útlendingar. En það er jafnframt með ólíkindum hversu margir leita til okkar vegna allskonar brota atvinnurekanda gegn þeim.

Það er ekki eðlilegt að fólk fái t.d. orlofið sitt ekki greitt nema að við sendum hótanir um að lögfræðingur félagsins fari í málið verði það ekki greitt. Svo eru alltaf einhverjir sem koma ekki og þá stelur atvinnurekandinn af þeim orlofinu. Einnig eru dæmi um atvinnurekendur sem segja við starfsmenn sína að þeir hafi ekki efni á að hækka launin eins og kjarasamningar segja til um og komast upp með það því enginn þorir að kvarta af ótta við að missa vinnuna. Svona framkomu líðum við ekki á okkar félagssvæði og hvergi!

Það kom fram í könnunni 2020 að færri vissu af brotum á réttindum en árið 2019. 95% atvinnurekenda eru með hlutina í lagi, eða gera í besta falli mistök sem eru leiðrétt ef við komum með athugasemdir.

Þeim atvinnurekendum vil ég þakka gott samstarf og vonast eftir því að samstarfið verði áfram gott.

Vandamálið er oft að fólk kemur ekki til okkar fyrr en það er hætt á vinnustaðnum og hefur ekki fengið umsamin laun eða réttindi voru brotin á þeim og þá er oft erfitt að ná fram leiðréttingum. Dómstólar eru í meira mæli farnir að dæma þannig að ef viðkomandi hefur ekki kvartað og getur ekki sannað að hann hafi óskað eftir leiðréttingu, þá fæst rétturinn ekki viðurkenndur og talið að viðkomandi hafi sýnt tómlæti og með því samþykkt gjörninginn!!

Verkefni sem upp koma eru endalaus og mörg eru mjög krefjandi fyrir starfsmenn félagsins að leysa úr, en að mínu áliti höfum við staðið okkur nokkuð vel. Það er því frábært að fá þau svör úr skoðanakönnun frá Gallup að 98% félagsmanna séu frekar ánægðir með þjónustuna og sama hlutfall með félagið í heild.

Rekstur félagsins gekk vel á síðasta ári. Rekstrarafgangur var upp á rúmlega sjötíu og tvær milljónir og eftir vexti og var afgangurinn rúmlega sjötíu og fjórar milljónir.

Í upphafi árs samþykkir stjórnin rekstraráætlun fyrir árið og starfsmenn félagsins vinna eftir henni. Á hverjum stjórnarfundum er staða félagsins lögð fram. Þetta gerir stjórnarfólki kleift að fylgjast með framvindu mála. Það er ómetanlegt fyrir mig að hafa stjórnina svona vel upplýsta um fjármál félagsins.

Eignir félagsins eru komnar á tólfta hundrað milljónir króna og iðgjöldin fara yfir hálfan milljarð.

Hermann, endurskoðandinn okkar, mun fara betur yfir þetta hér á eftir. Þá verður líka farið yfir stjórn og trúnaðarráð, einn listi barst um tillögur að stjórn og trúnaðarráði, var hann því sjálfkjörinn.

Alls eru 26 nýir aðilar inni í trúnaðarráði félagsins og eru þeir á öllum aldri, hjá félaginu eru 40% trúnaðarmanna undir 35 ára aldri og um það bil helmingur félagsmanna Einingar-Iðju er undir 35 ára aldri. Fjöldi félagsmanna hefur nokkurn veginn staðið í stað á milli ára, aðeins 100 færri greiddu félagsgjöld árið 2020 en 2019 sem er ekki mikið miðað við ástandið.

51% félagsmanna í félaginu eru konur, en karlar eru 49%.

Það hefur verið snúið að vinna að flóknum verkefnum á þessu starfsári. Ég vil þakka öllu því félagsfólki sem hefur mátt þola skerta þjónustu og tekið því með

miklu jafnaðargeði. Það er ánægjulegt hvað félagsmenn hafa nýtt sér nýjar leiðir og sent ógrynni af tölvupóstum eða haft samband með eftir leiðum.

Þó nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi félagsins eða eru að verða, en núna 1. maí mun Sigrún Lárusdóttir skrifstofustjórinn okkar hætta eftir 45 ára starf hjá félaginu. Og síðar á árinu mun Margrét Einarsdóttir hætta eftir mjög langan starfstíma hjá lífeyrissjóðum og núna í mörg ár sem starfsmaður okkar. Ég ætla ekki að reyna að segja það hvað dýrmætir starfskraftar þær stöllur hafa verið okkur. Sigrún og Margrét hafið mikla þökk fyrir ykkar frábæru störf og ekki síst fyrir okkar frábæra samstarf og hvað þið bremsuðuð mig oft af þegar ég fór á of mikið flug að ykkar mati. Það verður mikil eftirsjá og missir hjá samstarfsfólki ykkar. Þið voruð límið í starfshópnum nú er annara að taka við keflinu.

Gangi ykkur báðum vel að njóta þess að vera hættar að vinna eftir langan og oft erfiðan vinnudag.

Eyrún Halla Eyjólfsdóttir hætti líka á árinu og eru henni þökkuð hennar góðu störf í þágu félagsins.

„En maður kemur í manns stað“, Elsa Sigmundsdóttir færði sig úr verkefnastjóra hjá Virk í það að taka við af Sigrúnu sem skrifstofustjóri.

Helga Þyri Bragadóttir tók við sem verkefnastjóri hjá Virk. Einnig réðum við nýjan ráðgjafa hjá Virk, Kristínu Guðmundsdóttur.

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir var ráðin til að taka við af Margréti sem skráningar og innheimtustjóri. Rut Pétursdóttir var ráðin inn sem þjónustufulltrúi á kjarasviði, Aðabjörg Hauksdóttir, sem var í afgreiðslunni, færði sig í önnur verkefni sem snúa að umsjón með fræðslusjóði, orlofssjóði og einnig verkefni er varða sjúkrasjóð. Í afgreiðsluna á Akureyri réðum við Magdalenu Þórarinsdóttur.

Við bjóðum nýráðnu konurnar velkomnar til starfa.

Starfsfólkinu öllu færi ég mínar bestu þakkir fyrir góð störf og ekki síst þann óbilandi vilja að gera félagið að því fyrirmyndarfélagi sem Eining-Iðja er.

Nú sný ég mér að hefðbundinni skýrslu.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 8.396. Þeir sem greiða ekki félagsgjöld í sex mánuði fá bréf frá félaginu og eru í framhaldinu strikaðir út af félagaskrá.

Einnig eru send út bréf tvisvar á ári þar sem greiðandi utanfélagsfólki er boðið að ganga í félagið.

Ef þeir afþakka ekki, er lítið svo á að þeir óski eftir inngöngu. Fjölda félaga og breytingu á milli ára má sjá á bls. 17.

Í lok árs 2020 voru 1.000 manns á atvinnuleysisrá á félagssvæðinu. Reikna má að tæplega helmingur þeirra séu félagsmenn Einingar-Iðju. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum hjá félaginu.

3.302 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu miðað við 5.143 árið áður. 976 fengu starfsmenntastyrki, 1.533 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 793 fengu orlofsstyrk eða orlofshús en enginn fór í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús þetta starfsárið.

Varðandi greiðslur til félagsmanna á árinu þá voru þær alls um 316 milljónir króna. Greiðslur úr sjúkrasjóðnum voru tæpar 170 milljónir, greiðslur úr fræðslusjóði rúmar 60 milljónir og úr orlofssjóði rúmar 86,5 milljónir.

Hermann Brynjarsson mun fara yfir reikninga félagsins hér á eftir, en á bls. 16 í skýrslunni má sjá lykiltölur og samanburð við árið á undan.

Ef við lítum á helstu styrki úr félagssjóði á síðasta starfsári, þá fengu Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn sameiginlegan styrk að upphæð kr. 1.000.000, Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrenni kr. 5.00.000, Iðnaðarsafnið á Akureyri kr. 400.000 og Björgunarsveitin Ísólfur og Rauði krossinn á Seyðisfirði fengu hvort um sig kr. 150.000.

Á bls. 12 má finna fjárveitingar úr sjúkrasjóði. Alls fengu 203 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur, alls rúmar 136 milljónir miðað við rúmar 127 milljónir árið áður. 1.330 manns fengu styrki, alls um rúmlega 33,2 milljónir.

Alls fengu því 1.533 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári úr sjóðnum, alls tæpar 169,5 milljónir, sem er hækkun um 9 milljónir milli ára.

Vert er að minna á samstarfssamning sem félagið er með við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY tók m.a. að sér að hafa umsjón með dyravarðanámsskeiðum sem félagið hefur séð um í áratugi.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Áhugasamir geta kíkt á www.simey.is til að sjá framboð námskeiða.

Einnig er vert að minna félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum að starfsmenntasjóðirnir Sveitamennt og Ríkismennt greiða námskeiðsgjald vegna þátttöku almennra starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins. Þetta á einnig við um stofnanir ríkis og sveitarfélaga sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt.

Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi ákváðu stjórnir fræðslusjóðanna þriggja að rýmka úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja í ákveðinn tíma. Átakið tók gildi 15.mars 2020 og gildir nú til 1. júní nk. gagnvart námi eða námskeiðum sem haldin eru eða hefjast innan þessa tímaramma. Gerðir voru samningar við fræðsluaðila sem bjóða upp á vefnám/fjarnám þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er boðin þátttaka í námi eða námskeiðum þeim að kostnaðarlausu. Þetta gildir einnig um staðbundið nám þar sem því er við komið vegna aðstæðna.

Á síðasta ári fengu 976 félagsmenn einstaklingsstyrki úr starfsmenntasjóðunum Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Þetta er fjölgun um 68 styrki milli ára. Upphæðin sem greidd var út hækkaði um rúmar 15,3 milljónir og var rétt tæpar 60,5 milljónir.

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alpýðuhúsinu, flest á rafrænan hátt vegna Covid.

Á bls. 13 sjáið þið aldursdreifingu styrkþega og yfirlit yfir helstu námskeið. Tengiliður við menntasjóðina er Aðalbjörg G. Hauksdóttir og hefur hún einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu.

Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómsundanámskeið sem félagið heldur. Endilega hafið samband við hana ef þið eruð með hugmynd um námskeið.

Félagið á 21 orlofshús og sex orlofsíbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Iðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Félagið tók líka fjölda orlofshúsa á leigu eða skipti á húsum við önnur félög víðsvegar um landið yfir sumarið.

Nýting orlofshúsanna er mjög góð. Nánar má skoða nýtingu þeirra á bls. 11 í skýrslunni.

Ég vil minna á að gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum og íbúðum félagsins.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni fullfrágenginni og snyrtilegri.

Leigutakar þurfa sjálfir að þrifa orlofshúsin áður en þeim er skilað.

Best er að skilja við hús og íbúðir eins og við viljum koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Því miður er staðan sú að kvörtunum vegna umgengi og lélegra þrifa hefur farið fjölgandi að undanfögnu.

Félagar!

Höfum í huga að orlofshúsin eru sameign okkar allra og því er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari.

Félagsmönnum var aftur boðið upp á íbúð á Spáni síðasta sumar, en ekki var hægt að nýta hana vegna Covid. Þrátt fyrir óvissu um Covid var ákveðið að sjá til með hvernig ástandið þróast og bjóða upp á þennan orlofskost aftur sumarið 2021. Því geta félagsmenn tekið hana á leigu næsta sumar og gildir fyrstur pantar, fyrstur fær.

Félagið úthlutaði 300 orlofsstyrkjum sem við köllum “Orlof að eigin vali”, hver styrkur var að hámarki 25.000 krónur. Vegna Covid gátu einungis 121 félagismaður notað sinn styrk.

Árið 2020 var að venju boðið upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn, en þeim var öllum aflýst vegna Covid. Búið er að skipuleggja tvær ferðir í ár, en ákveðið var að aflýsa utanlandsferð ársins.

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og hjá deildarstjórnnum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn og forystumenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum, en í október hélt félagið 15 rafræna fundi með trúnaðarmönnum vegna breytinga á vinnutíma. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess. Vegna Covid fóru mjög margir þessara funda fram á rafrænan hátt.

Tveir fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu, umfjöllum um þá má finna á bls. 15 í skýrslunni.

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

11 fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir. Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins.

Þannig veit stjórnin alltaf hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

Á bls. 7 til 9 í skýrslunni er farið yfir helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundunum.

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið. Þó urðu þeir mun færri en vanalega vegna ástandsins í þjóðfélaginu vegna Covid og flestir rafrænir.

Undanfarin ár er búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi, þar sem átt hafa sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Vegna Covid voru mjög fáir slíkir fundir haldnir á starfsárinu. Trúnaðarmenn eru þó hvattir til að vera duglegir að halda slíka fundi með starfsmönnum félagsins, þegar aðstæður leyfa.

Aðalfundir starfsgreinadeildanna fóru fram í febrúar en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru þeir rafrænir þetta árið. Þrátt fyrir það var ágæt mæting á fundina og tókust þeir mjög vel. Undanfarin ár hafa þeir farið fram sama kvöldið með sameiginlegri dagskrá í byrjun en núna fóru þeir fram dagana 2. til 4. febrúar sl. Skýrslur stjórna má finna á heimasíðu félagsins. Formenn og vaformenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins.

Í júní 2020 var haldinn ársfundur Stapa, í september fór fram 6. þing ASÍ-UNG og 44. þing ASÍ fór fram í október. Þá fóru fulltrúaráðsfundir Stapa fram í nóvember og mars. Á bls. 15 og 16 má lesa nánar um fundina og þingin, þar sem Eining-Iðja átti að sjálfsögðu fulltrúa.

Undanfarin ár hefur félagið gefið út þrjú blöð ár hvert, orlofsblað, sumarblað og jólablað. Á síðasta ári urðu þau einungis tvö; vegna Covid. Félagsblöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 12.000 eintökum.

Heimasíðan var eins og áður vel virk og mjög vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Ég hvet alla til að skrá sig á póstlista félagsins, það er ef þú ert ekki þegar skráður.

Félagið er líka á Facebook og ekki væri verra að fá eins og eitt like frá ykkur. Ýmsar tilkynningar detta líka inn á Instagram síðu félagsins þannig að það er um að gera að fylgjast líka vel með henni.

Við, sem störfum á skrifstofunum þökkum fyrir öll góðu samskiptin á árinu og vonum að okkur hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með til okkar, hvort sem var í heimsóknum, síma eða á neti.

Vonandi eigum við góð samskipti áfram og berum gæfu til að gera góða hluti á komandi starfsári.

Að lokum vil ég þakka öllum sem ég hef starfað með á árinu fyrir samstarfið.

Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á skrifstofunni og á fundum, og ekki síst á fönnum vegi.

Takk fyrir mig og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins.